

Rétt þykir að taka ákvörðun um málskostnað í þessum þætti við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gagnstefnanda, Eyjólfss Bjarnasonar, um málskostnaðartryggingu úr hendi aðalstefnanda, Helluglers h/f, er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 95/1969. **Sigmund Jóhannsson**
 gegn
Árna Ólafssyni & Co. og
Vélaverkstæði Bernhards Hannessonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1969, er barst dóminum 16. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að fjárhæðir lögbannstryggingar af hans hendi samkvæmt hinum kærða úrskurði „verði færðar niður í þær kr. 500.000.00, sem þegar hafa verið lagðar fram“, og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3. a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 3.000.00, hvorum þeirra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigmund Jóhannsson, greiði varnaraðiljum, Árna Ólafssyni & Co. og Vélaverkstæði Bernhards Hannessonar, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, hvorum þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. apríl 1969.

Gerðarbeiðandi, Sigmund Jóhannsson, Brekastíg 12 í Vestmannaeyjum, hefur krafizt þess, að lögbann verði lagt við því, að gerðarþolar, Árni Ólafsson & Co., Suðurlandsbraut 12 hér í borg, og Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sama stað, framleiði og selji garnúrtökuvélar og flokkunarvélar í sambandi við humarvinnslu, en vélar þessar kveðst gerðarbeiðandi hafa fundið upp. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr höndum gerðarþolanna in solidum.

Gerðarþolar hafa hvor um sig skilað greinargerð í málinu.

Þess er krafizt af hálfu Árna Ólafssonar & Co., að synjað verði um lögbannsgerð þessa, og er jafnframt krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Verði gerðin látin ná fram að ganga, er krafizt 5.000.000.00 króna tryggingar af hans hálfu, og er sérstaklega tekið fram, að þá sé miðað við líklegt tjón gerðarþola af gerð þessari um eins árs tímabil, eftir að lögbann verði lagt á.

Af hálfu Vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar er þess krafizt, að synjað verði um framgang lögbanns gagnvart því. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Til vara er þess krafizt, að lögbann nái því aðeins fram að ganga, að gerðarbeiðandi setji 500.000.00 kr. tryggingu fyrir tjóni því, er verkstæðinu stafi af lögbannsgerðinni.

Hinn 29. þessa mánaðar barst fógeta yfirlýsing Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum í staðfestu símskeyti, þar sem bankinn tekst á hendur að ábyrgjast tryggingu, allt að 500.000.00 kr., vegna lögbannskröfu Sigmunds Jóhannssonar á hendur Árna Ólafssyni & Co. og Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar.

Þessi trygging lá fyrir í réttarhaldi í máli þessu nú í dag, og gerðu umboðsmenn gerðarþolanna engar athugasemdir við yfirlýsingu þessa, en héldu að öllu leyti fast við gerðar kröfur um tryggingu.

Var málið tekið til úrskurðar í sama réttarhaldi.

Gerðarbeiðandi skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi á árinu 1965 fundið upp flokkunarvél fyrir humar og á árinu 1966 vél til garnaúrtöku fyrir humar, og kveðst hann hafa framleitt vélar þessar fyrir sameignarfirma undir nafninu Sigmundsfiskvinnsluvélar s/f í Vestmannaeyjum frá því seint á árinu 1966. Hann segir, að Árni Ólafsson hafi verið sameigandi sinn að þessu firma og annast söluhlíð rekstrarins og hafi þessi félagsskapur staðið þar til 21. marz 1969, en þá hafi nefnt firma verið afmáð úr firmaskrá Vestmannaeyja. Segir gerðarbeiðandi ýmsar ástæður hafa ráðið um þetta. Sama dag kveðst gerðarbeiðandi svo hafa tilkynnt til firmaskrár Vestmannaeyja firmað SIMFISK til framleiðslu og sölu á þessum vélum.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa sótt um einkaleyfi fyrir flokkunarvél á humar á árinu 1966 og hinn 29. marz 1969 fyrir garnaúrtökuvél til iðnaðarmálaráðuneytisins. Þessar umsóknir báðar séu þar enn til athugunar og því verndaðar samkvæmt lögum nr. 12/1923. Hann kveðst nú hafa komið að því, að Árni Ólafsson, Hraunbraut 30 í Kópavogi, hafi nú gegnum firma sitt, Árna Ólafsson & Co., gert reka að því að hefja framleiðslu á garnaúrtökuvélum í leyfisleysi sínu sem uppfinningamanns og hafi Árni í því skyni fengið léða garnaúrtökuvél frá Keflavík og fengið Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar til að hefja smíðina og muni Bernharð vinna að þessum verkefnum. Þetta hafði Bernharð ráðið í algerlega leyfislaust. Árni Ólafsson & Co. muni þegar hafa gert nokkra sölusamninga.

Gerðarbeiðandi kveðst ekki sjá annað ráð vænna en að stöðva þessar framkvæmdir gerðarþolanna með lögbanni. Það sé ótvírætt brot á rétti sínum sem uppfinningamanns að framleiða þessar vélar og bjóða til sölu án síns leyfis.

Af hálfu Árna Ólafssonar & Co. er málsúttlistun gerðarbeiðanda mótmælt. Frásögn gerðarbeiðanda um umsókn um einkaleyfi sé röng að því leyti, að hann hafi að vísu sótt um einkaleyfin, en verið synjað um þau, sbr. bréf ráðuneytisins 22. marz 1966 og 13. marz 1967, og vísar gerðarþoli þar til rskj. 9 og 10. Sameignarsamningur, sem lagður hafi verið fram í málinu sem rskj. 7, sýni, að gerðarbeiðandi og Árni Ólafsson & Co. séu sameigendur að þeim humarvinnsluvélum, sem hér um ræðir, þ. e. allri framleiðslu sameiginlegs fyrirtækis þeirra, unz þeir slitu félagskapnum 21. marz s.l. Þó gerðarbeiðandi gæti e. t. v. fengið einka-

leyfi, gæti hann þó alls ekki á neinn hátt beitt því gegn Árna Ólafssyni & Co. eða Árna Ólafssyni persónulega.

Eins og fyrr segi, þá hafi beiðni um einkaleyfi á flokkunarvél verið hafnað og hún hafi ekki verið endurnýjuð. Geti því hver sem er með fullum rétti tekið slíka vél til framleiðslu og sölu. Varðandi umsókn gerðarbeiðanda um garnaúrtökuvélina sé þess að gæta, að sú vél hafi aldrei verið framleidd til notkunar, og á árinu 1967 hafi gerðarbeiðandi breytt vél þessari þannig, að hún vann öðruvísi og með þægilegra móti, en um sömu vél sé raunar að ræða, og hafi afdrif fyrri gerðarinnar verið ráðin af ráðuneytinu.

Þannig telur Árni Ólafsson & Co. sig hafa sýnt fram á, að gerðarbeiðandi eigi ekki þann einkaleyfisrétt, sem hann telur sér, og þar með verði að telja réttarkröfur hans í máli þessu staðlaugar með öllu. Gerðarþoli hefur í sambandi við kröfu sína um hina óvenjulega háu lögbannstryggingu, ef gerðin næði fram að ganga gegn mótmælum hans, lagt fram fjöldann allan af skjölum, þ. á m. staðfestingu á pöntunum og ýmiss konar umsögnum, og vísast til þeirra, en tjón verði í öllu falli geysimikið, ef til þessa komi.

Af hálfu Vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar er lagður fram verkсамningur við Árna Ólafssonar & Co., rskj. 32 og 33. Um er að ræða verk fyrir kr. 430.900.00, og segir gerðarþoli athafnir hafa hafizt 24. marz s.l. Verkstæðið sé ábyrgt gagnvart verksala fyrir því, að verkinu verði lokið á réttum tíma, og jafnframt sé Árni Ólafsson & Co. einn ábyrgur um greiðslu fyrir verkið. Séu hagsmunir verkstæðisins því mjög miklir af því, að verkið geti náð fram að ganga, svo sem til var stofnað. Því er haldið fram, að hin framkomna lögbannsbeiðni sé óröktuð, þar eð gerðarbeiðandi hafi ekkert einkaleyfi við að styðjast og sé henni að auki alveg ranglega beint að Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sbr. það, er að framan segir um réttarsamband gerðarþolanna.

Eftir því sem mál þetta liggur fyrir, er ekki útilokað, að framleiðsla og sala á margnefndum humarvinnsluvélum sé brot á rétti, sem gerðarbeiðandi kann að eiga þar að lútandi. Þykir verða að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um lögbann á hendur gerðarþolum, eins og hún er fram sett í lögbannsbeiðni, þannig að hún taki til beggja gerðarþolanna.

Fallast má á kröfur gerðarþolanna um, að gerðarbeiðandi setji aðskildar tryggingar hvorum um sig til handa. Þykir trygging til

handa gerðarþolanum Árna Ólafssyni & Co. hæfilega tiltekin kr. 3.000.000.00, en til handa Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar kr. 500.000.00. Hefur gerðarbeiðandi, eins og áður segir, þegar lagt fram gilda tryggingu fyrir kr. 500.000.00 af heildartryggingunni.

Málskostnaður í lögbannsmáli þessu verður látinn falla niður, enda má ætla, að málskostnaðarkröfur komi fram í staðfestingarmáli lögbanns og verði þar dæmdar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fara fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á ábyrgð hans gegn tryggingu af hans hálfu, þannig: kr. 3.000.000.00 vegna lögbanns á hendur Árna Ólafssyni & Co. og kr. 500.000.00 vegna lögbanns á hendur Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. maí 1969.

Nr. 199/1968. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**
(Þorsteinn Júlíusson hdl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara: Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1968 og krafist þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 214.750.28 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. nóvember 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.